

**6. Hitun.***Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar:*

- a) Að notandi setji á sinn kostnað klukkurofa fyrir hitalögnina og kosti viðhald þeirra.
- b) Að vélaafl, götulínur og spennar þoli álag að dómi rafv.stjóra.
- c) Að hitalagnir, þar með talin öll tæki séu gerð samkvæmt fyrir mælum rafveitunnar, ofnar fasttengdir með sérstökum rofum og hitastillar notaðir.

Ef fasviksstuðull hjá notanda er lægri en 0.8 skal hann gera ráðstafanir á sinn kostnað til þess að hækka fasviksstuðulinn upp í það gildi. Notandi greiðir hærra verð fyrir raforku með fasviksstuðul undir 0.8.

**II. OPNUNARGJÖLD**

Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu skal taka gjald fyrir enduroppnun kr. 3 000.00.

Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun skal veitunni lokað og ekki opnuð aftur fyrr en notandi hefur greitt kr. 1 600.00 á skrifstofu rafveitunnar.

**III. HEIMTAUGARGJÖLD**

Af hverri húsveitu, sem tengd er við rafveituna, skal greiða heimtaugargjald sem hér segir:

Grunngjald af hverri heimtaug ..... kr. 6 250.00

Auk grunngjalda skal greiða 10% af hverju þúsundi að kr. 500 000.00 og 5% af hverju þúsundi sem umfram er af brunabótamati húsa og mannvirkja.

Heimtaugargjald fellur í gjalddaga þegar heimtaugaruppsetningu er lokið eða þegar brunabótamat hefur verið framkvæmt.

Sé lengd jarðlínuheimtaugar meiri en 20 metrar og loftlínu meiri en 60 metrar og gildleiki víra meiri en  $3 \times 70q$  skal húseigandi greiða kostnað af því sem umfram er.

Ef lagðar eru fleiri en ein heimtaug að sama húsi skal greiða allan kostnað af síðari heimtauginni eftir reikningi.

Söluskattur og verðjöfnunargjald er innifalið í öllum gjaldskrárlíðum nema raforku til húshitunar.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá sama efnis nr. 91 9. febrúar 1977.

*Iðnaðarráðuneytið, 20. desember 1977.*

**F. h. r.**

**Páll Flygenring.**

*Kristmundur Halldórsson.*

**REGLUGERÐ**

fyrir Rafmagnsveitu Reykjavíkur.

Stjórn, rekstur, söluskilmálar og almenn ákvæði.

1. gr.

**Markmið Rafmagnsveitunnar.**

Rafmagnsveita Reykjavíkur er fyrirtæki, sem Reykjavíkurborg á og starfrækir í þeim tilgangi að veita og selja raforku um orkuveitusvæðið.

Rafmagnsveitan skal rekin sem sjálfstætt fyrirtæki.

**2. gr.****Verksvið og orkuveitusvæði.**

Rafmagnsveitan vinnur raforku í eigin orkuveitum og kaupir raforku af landsvirkjun eða öðrum og veitir orkunni um orkuveitusvæðið.

Orkuveitusvæði Rafmagnsveitunnar er lögsagnarumdæmi Reykjavíkur og nágrennabyggðir eftir því sem borgarstjórn ákveður og ráðherra samþykkir skv. gildandi orkulögum hverju sinni.

Rafmagnsveitan hefur einkarétt til sölu á raforku til notenda á orkuveitusvæði sínu.

**3. gr.****Stjórn rafmagnsmála. Rafmagnsstjóri.**

Yfirstjórn rafmagnsmála borgarinnar er í höndum borgarstjórnar, en framkvæmdastjórnin skal falin borgarráði ásamt rafmagnsstjóra, sem borgarstjórnin skipar að fengnum tillögum borgarráðs, og skal hann vera rafmagnsverkfræðingur. Borgarstjórnin setur honum erindisbréf. Rafmagnsstjóri er framkvæmdastjóri Rafmagnsveitunnar.

**4. gr.****Verksvið borgarráðs.**

Borgarráð hefir á hendi stjórn Rafmagnsveitunnar, sér um viðhald hennar og umbætur, og allt er að starfrækslu hennar lýtur, kaup og sölu á raforku, fjárhald og reikningsskil. Það skal gefa borgarstjórn þær skýrslur, sem óskað er eftir, um starfrækslu og ástand Rafmagnsveitunnar og leggja ársreikning hennar með ársreikningum borgarsjóðs fyrir borgarstjórn til úrskurðar.

Borgarráð semur nánari reglur, sem borgarstjórn skal staðfesta, um einstök atriði þessarar reglugerðar, eftir því sem þörf gerist. Það gerir einnig tillögur til borgarstjórnar um gjaldskrár fyrir Rafmagnsveituna, undirbýr samninga um orku-kaup og orkusölu, og annast framkvæmdir allra rafmagnsmála borgarinnar.

Borgarráð skipar alla fasta starfsmenn Rafmagnsveitunnar, að fengnum tillögum rafmagnsstjóra, og setur þeim erindisbréf og ákveður, hvernig aðrir starfsmenn skuli ráðnir.

**5. gr.****Verksvið rafmagnsstjóra.**

Rafmagnsstjóri stjórnar daglegri starfrækslu og reikningshaldi Rafmagnsveitunnar, eftirliti, viðhaldi á veitukerfi og öðrum útbúnaði og öllum verklegum framkvæmdum, er snerta hana. Hann hefir umsjón með raflögnum í borginni, þar með talið efni og tæki, sér um afgreiðslu og innheimtu við kaup og sölu á raforku, efni og tækjum, sem Rafmagnsveitan kaupir eða selur.

**6. gr.****Reikningshald og ráðstöfun tekna.**

Rafmagnsveita Reykjavíkur hefir sjálfstætt reikningshald og tekur sjálf við greiðslu fyrir selda raforku og öðrum tekjum. Skal tekjum hennar fyrst og fremst varið til að standa straum af öllum greiðsluskuldbindingum hennar, svo sem afborgunum á áhvílandi skuldum, vöxtum og öðrum rekstrarkostnaði, þar með talið fullnægjandi viðhald og endurnýjun virkja og annað, sem nauðsynlegt er til að

tryggja öruggan rekstur Rafmagnsveitunnar, en tekjum, sem umfram kunna að verða, ráðstafar borgarstjórn.

Rafmagnsstjóri varðveitir sjóð Rafmagnsveitunnar samkvæmt nánari reglum, sem borgarráð setur.

### 7. gr.

#### Löggilding rafverktaka.

Borgarráð veitir þeim rafverktakaleyfi, sem fullnægja skilyrðum og skilmálum Rafmagnsveitunnar. Borgarráð getur ákveðið í gjaldskrá greiðslur fyrir verk þau, sem Rafmagnsveitan innir af hendi við úttekt raflagna, skoðunargerðir og annað eftirlitsstarf sitt.

Engir aðrir en þeir, sem fengið hafa fullgilt rafverktakaleyfi, mega taka að sér lagningu á húsveitum, uppsetningu tækja eða framkvæma á sína ábyrgð nokkurt verk, er snertir veitur, sem tengja á við kerfi Rafmagnsveitunnar.

### 8. gr.

#### Sala raforku.

Rafmagnsveitan selur raforku á orkuveitusvæði sínu, þar sem veitukerfi hennar nær til með þeim skilmálum, sem ákveðnir eru í reglugerð þessari og í samræmi við sérreglur um raforkuvirki á orkuveitusvæði Rafmagnsveitunnar og gjaldskrá hennar á hverjum tíma.

Borgarráð getur synjað um raforku til húshitunar. Á þeim stöðum í veitukerfinu, þar sem flutningsgeta þess leyfir ekki hið umbeðna afl án sérstakra ráðstafana, ákveður rafmagnsstjóri nánari skilmála.

Ef Rafmagnsveitan telur nauðsynlegt, að komið verði upp raforkuvirkjum, þ. m. t. spennistöð, í húsi eða á lóð viðkomandi húseignar í því skyni að sala raforku geti farið þar fram, skal Rafmagnsveitunni látið í té húsrými með sérstöðum samningi eða ókeypis lóð. Hér er miðað við, að um meiri háttar notkun sé að ræða.

Rafmagnsveitunni er heimilt að láta öðrum notendum í té raforku frá stöðinni og að tryggja uppsetningu hennar og óslitinn rekstur með þinglýsingu á kvöð þess efnis.

Rafmagnsveitan getur neitað að láta raforku í té til fjarliggjandi staða eða til staða, þar sem lóðareigendur neita að leggja til lóð fyrir nauðsynlega spennistöð og lóð eða aðstöðu fyrir stólpa eða festur fyrir raflínur án endurgjalds. Óski Rafmagnsveitan eftir spennubreytingu á húsveitu, er húseigendum skylt að hlíta því, enda sé breytingin gerð á kostnað Rafmagnsveitunnar. Á sama hátt skulu húseigendur bera kostnað af spennubreytingu húsveitu, sem þeir hafa óskað eftir og Rafmagnsveitan hefur samþykkt.

### 9. gr.

#### Umsókn um kaup á raforku.

Hver sem óskar að gerast notandi að raforku, verður að fylla út tilætlað umsóknareyðublað, er fæst á skrifstofu Rafmagnsveitunnar, og skal hann skuldbinda sig, með undirskrift sinni, að hlíta settum reglum um kaup á raforku frá Rafmagnsveitunni. Skal í umsókninni skýrt frá, hve mikið afl þarf, og til hvers það er ætlað.

## 10. gr.

**Umsókn um heimtaug.**

Umsókn um heimtaug eða breytingu á heimtaug skal undirskrifuð af húseiganda, er skuldbindur sig til þess með undirskrift sinni að greiða heimtaugargjald það, sem ákveðið er í gjaldskrá Rafmagnsveitunnar.

Heimtaugar með stofnvari eru eign Rafmagnsveitunnar, ef ekki er sérstaklega um annað samið og þótt heimtaugargjald hafi verið greitt í samræmi við gjaldskrá.

Rafmagnsveitan annast viðhald og endurnýjun heimtauga sinna án sérstaks endurgjalds, nema heimtaug þurfi að breyta vegna breytingar á húsi eða lóð. Skal húseigandi greiða kostnaðinn við þá breytingu. Ef loftlínuheimtaug er breytt í jarðstrengsheimtaug, skal húseigandi greiða kostnaðarmun, sem ákveðinn er í gjaldskrá.

Rafmagnsveitunni er heimilt að krefjast skuldbindingar um lágmarksnotkun um heimtaug.

Sé um tiltölulega mikla notkun að ræða, og Rafmagnsveitan þarf, til þess að fullnægja henni sérstaklega, að auka háspennukerfi, auka afl spennistöðvar eða gera meiriháttar viðbætur á lágspennukerfi, er rafmagnsstjóra heimilt að krefjast skuldbindingar umsækjenda um tiltekinn notkunartíma eða þátttöku í kostnaði.

Eigi er skylt að ljúka lagningu jarðstrengsheimtaugar meðan jörð er frosin.

## 11. gr.

**Húsveitur.**

Skylt er að láta löggilta rafverktaka, eða Rafmagnsveituna, ef hún tekur slík verk að sér, framkvæma alla vinnu við raflagnir og raftæki, hvort heldur er um að ræða nýjar raflagnir, breytingar eða viðgerð á raflögn, og annast þeir fyrir hönd húseiganda eða notanda umsóknir og tilkynningar til rafmagnsveitunnar um allar raflagnir, samkvæmt því, sem ákveðið er í reglum um raflagnir í Reykjavík, en Rafmagnsveitan annast úttekt á öllum nýlögnum, viðaukum og breytingum á raflögnum skv. beiðni eða að eigin frumkvæði.

Engir aðrir en umboðsmenn Rafmagnsveitunnar mega setja straum á veitu eða hluta af veitu, í fyrsta sinn eftir úttekt. Sé út af þessu brugðið varðar það þann sektum, sem verkið er unnið fyrir, þann, sem setur strauminn á og loks hinn löggilta rafverktaka, er sá um verkið.

Rafmagnsveitan tekur ekki á sig ábyrgð á veitu með úttekt eða tengingum.

Rafmagnsveitan áskilur sér rétt til að setja þau skilyrði fyrir tengingu á veitu, að notkun um hana verði ekki veitukerfi Rafmagnsveitunnar ofviða, og þar sem hættu kann að verða á þessu, má setja viðeigandi skilyrði í hvert sinn fyrir notkuninni, þar til úr er bætt.

## 12. gr.

**Sala á raforku til notenda, sem sjálfir hafa orkuvinnslu.**

Veitur, sem nota raforku annarsstaðar að en frá Rafmagnsveitunni, má tengja við veitukerfi hennar í því skyni, að Rafmagnsveitan verði aðallega eða eingöngu notuð til vara, með því skilyrði að greitt sé lágmarksgjald, sem svari til þeirrar kvaðar, sem hvílir á Rafmagnsveitunni vegna tengingarinnar.

Framsál til annarra á raforku, sem keypt er af Rafmagnsveitunni, er óheimilt án leyfis Rafmagnsveitunnar.

## 13. gr.

**Eftirlit með húsveitum og tækjum. Gallar á húsveitum.**

Sérhver húsveita, að meðtöldum tækjum til notkunar á raforku skal fullnægja kröfum þeim, sem settar eru í reglugerð Rafmagnseftirlits ríkisins og í reglum Rafmagnsveitunnar um raforkuvirki.

Rafmagnsstjóra er heimilt að hafa eftirlit með öllum húsveitum, gögnum og tækjum, sem notuð eru við hagnýtingu á rafmagni, og skulu starfsmenn Rafmagnsveitunnar hafa frjálsan aðgang að öllum herbergjum húss, hvenær sem nauðsynlegt er, til að skoða húsveituna, eða hluta hennar, eða raftæki, sem nota má við veituna.

Vélar og önnur tæki skulu vera þannig sett og þannig útbúin, að þau starfi án þess að titringi valdi eða truflun á ljósum eða annarri notkun.

Sé misbrestur á þessu eða aðrir gallar á veitu eða tækjum, skal notandi þegar í stað, á sinn kostnað, láta löggiltan rafverktaka lagfæra þetta.

Nú kemur í ljós við skoðun húsveitu, sem framkvæmd er af Rafmagnsveitunni, Rafmagnseftirliti ríkisins eða löggiltum rafverktaka, að galli er á veitu eða tækjum, og skal þá eigandi veitunnar eða tækjanna skyldur til þess að láta löggiltan rafverktaka gera við gallana á sinn kostnað.

Rafmagnsstjóri getur látið taka veituna eða tæki úr sambandi, meðan galli er á veitunni eða tækjunum, þar til úr er bætt.

Húseiganda er skylt að sjá um að stofntaugar í húsveitu hans séu ávallt nægilega gildar fyrir notkun veitunnar.

Óleyfilegt er að nota annað efni í veitu eða tæki en það, sem viðurkennt er af Rafmagnsveitunni.

Ef óleyfileg vör finnast í veitu, skal notandi veitunnar gerður ábyrgur fyrir, samkvæmt fyrirskipun Rafmagnseftirlits ríkisins.

Séu gerðar óleyfilegar tengingar eða breytingar á veitu eða tækjum eða sýnt hirðuleysi um meðferð eða viðhald veitu eða tækja, skal farið með það sem galla á veitu, og er heimilt að gera eiganda að greiða aukagjald, sem ákveðið sé í gjaldskrá, vegna kostnaðar við aukið eftirlit með veitunni.

Það er óleyfilegt, sem ekki fullnægir kröfum, sem settar eru í reglugerðum Rafmagnseftirlits ríkisins og reglum Rafmagnsveitunnar.

## 14. gr.

**Mælitæki.**

- 1) Rafmagnsveitan setur upp nauðsynleg mælitæki og ákveður fjölda þeirra, tegund og staðsetningu. Mælitækin má ekki flytja til án samþykkis Rafmagnsveitunnar, en hún getur krafist flutnings þeirra, ef það þykir hentugra að dómi rafmagnsstjóra.

Starfsmenn Rafmagnsveitunnar skulu ætíð hafa aðgang að mælitækjum, og þeir einir mega rjúfa innsigli þeirra.

Notandi mælitækis er sá, sem skráður er fyrir raforkunotkun þeirrar veitu, sem mælitækið er fyrir. Skal hann bera ábyrgð á mælitækjum og raforkunotkun veitunnar, þar til hann lætur af notkun hennar og tilkynnir rafmagnsveitunni um það skv. 19. grein.

Rafmagnsveitan annast venjulegt viðhald mælitækjanna á sinn kostnað, en verði mælitæki fyrir óvenjulegu hnjaski eða skemmdum er heimilt að skylda notanda til að greiða kostnað við viðhald eða endurnýjun þess.

Notandinn greiðir leigu fyrir afnot mælitækja skv. gjaldskrá Rafmagnsveitunnar á hverjum tíma.

Þar sem eitt mælitæki er sett fyrir sameiginlega notkun fleiri aðila, ber skráður notandi mælitækisins ábyrgð á greiðslum vegna hinnar sameiginlegu notkunar. Aðrir notendur bera þó hver um sig ábyrgð in solidum á greiðslum þessum með hinum skráða notanda.

Breyting á skráningu notanda mælitækis fyrir sameiginlegri notkun verður því aðeins gerð, að allir notendur hinnar sameiginlegu notkunar fari fram á það skriflega.

- 2) Ef fram kemur við prófun, sem Rafmagnsveitan framkvæmir að eigin frumkvæði eða skv. beiðni notanda, að mælitækið mælir skakkt, skal endurgreiða orkunotkun notandans. Hafi mælitækið mælt 5% of lítið eða þaðan af minna skal krefja notandann um það, sem vanmælt var. Hafi tækið mælt 5% of mikið eða þaðan af meira, skal endurgreiða notandanum mismuninn með frádrætti á næsta orkureikningi eða í reiðufé. Endurgreiðslu getur notandi ekki krafist fyrir lengra tímabil en 1 ár og sama gildir um viðbótarkröfu Rafmagnsveitunnar, enda hafi notanda ekki verið ljóst eða mátt vera það ljóst, að um bilun mælitækis væri að ræða.

Við endurreiknun orkunotkunar skal taka tillit til fyrri notkunar viðkomandi aðila og annarra aðstæðna, sem gefið gætu vísbendingu um það, hvenær mælitækið bilaði. Eigi skal reikna vexti af umfram- eða vangreiðslum, sem að framan greinir.

Ef notandi véfengir niðurstöður prófunar á mælitæki, skal leita úrskurðar Rafmagnseftirlits ríkisins og er hann bindandi fyrir báða aðila.

- 3) Nú hættir skráður notandi mælitækis notkuninni, og skal hann þá í tæka tíð tilkynna það Rafmagnsveitunni, sem annast um að lokaálestur fari fram. Hafi eigi annar notandi sótt um að fá mælitækið skráð á sitt nafn, skal loka því, og eigi skal hefja orkusölu á ný um tækið, fyrr en tilkynnt hefur verið um nafn og nafnúmer nýs notanda.

Nú mælist engin notkun um mælitæki um langt skeið, og er Rafmagnsveitunni þá heimilt að fjarlægja tækið og láta loka viðkomandi raflögn.

- 4) Ef notandi hefir aukna straumnotkun vegna galla á veitu sinni eða tækjum, er Rafmagnsveitan ekki skyld til þess að áætla frádrátt á reikningum notandans þess vegna.
- 5) Ef svo reynist, að notkun hefur orðið meiri en álestur sýnir, eða álestur verið skakkur eða útreikningur á reikningsfjárhæðinni, áskilur Rafmagnsveitan sér rétt til að leiðrétta þessa skekkju eftir á, undir eins og vitað er um hana.
- 6) Verði uppvíst, að straumur sé notaður á annan hátt en um er samið, eða að raskað hafi verið mælitækjum eða breytt tengingu, þannig að ekki komi fram öll notkun, skal Rafmagnsveitan áætla þann straum, sem notaður hefir verið óleyfilega, og skal notandi gjalda fyrir hann eftir gjaldskrá, fyrir allan tímann, sem liðinn er frá síðustu skoðun veitunnar og þar til leiðrétt er, nema þyngri refsing liggji við að lögum.

Ef ekki liggja fyrir sérstakar upplýsingar um líklega notkun á veitunni, má miða matið við stærð á vörum þeim, sem fyrir veitunni eru. Við endurtekningu skal rjúfa samband við veituna og gera ráðstafanir til að koma fram ábyrgð á hendur þeim, sem brotlegur hefur gerst.

### 15. gr.

#### Ábyrgð.

Ef vanskil eða dráttur verður á greiðslu rafmagnsgjalda, getur Rafmagnsveitan stöðvað orkuafhendingu — án ábyrgðar — að undangenginni tilkynningu skv. 17. gr., uns hæfileg trygging fyrir skilvisri greiðslu orkusölu um viðkomandi veitu hefur verið sett. Ef rafmagnsnotkun um mælitæki nægir ekki til þess að greiða raunverulegan afhendingarkostnað raforkunnar um mælitækið, er Rafmagnsveitunni heimilt að krefjast lágmarksgjalds fyrir notkunina. Að öðrum kosti er Rafmagnsveitunni heimilt að taka mælitækið niður og loka veitunni, eða breyta tengingu hennar.

## 16. gr.

## Gjald fyrir raforku.

Reikningur fyrir raforkunotkun skal sendur notanda á notkunarstað eða annan stað, sem hann tiltekur. Skal greiða reikninginn innan 10 daga frá útsendingardegi hans.

Nánari reglur um gjalddaga má setja í gjaldskrá. Heimilt er að áætla raforkunotkun notenda og innheimta reglulega skv. slíkri áætlun, enda fari fram uppgjör á staðreyndri notkun skv. álestrum eigi sjaldnar en einu sinni á hverjum 12 mánuðum.

Reikningur fyrir áætlaða notkun telst fullgildur reikningur á sama hátt og uppgjörreikningur, enda getur notandi jafnan krafist aukaálestrar og uppgjörsmiðað við staðreynda notkun gegn aukagjaldi samkvæmt gildandi gjaldskrá á hverjum tíma.

Við verðbreytingar á raforku skal áætla notkun skv. eldri og nýrri gjaldskrá og skal skiptingin sýnd á næsta orkureikningi. Skal notkuninni skipt jafnt niður á það tímabil, sem reikningurinn nær til.

Eigi skal reikna vexti af uppgjörreikningum skv. þessari grein, en heimilt er Rafmagnsveitunni að krefja notendur um dráttarvexti af ógreiddum orkureikningum, ef um langvarandi vanskil er að ræða og sérstakra innheimtuaðgerða reynist þörf.

## 17. gr.

## Lokun fyrir veitu og enduropnun.

Sé raforkureikningur eigi greiddur innan 10 daga frá útsendingardegi, getur Rafmagnsveitan sent notanda viðvörðun um stöðvörn orkusölu til hans, verði greiðsla ekki innt af hendi innan þriggja daga.

Að þeim tíma loknum er heimilt að taka straum af veitunni, án ábyrgðar Rafmagnsveitunnar á hugsanlegum afleiðingum.

Rafmagnsveitunni er heimilt að loka fyrir rafmagn og senda skuldakröfu, sem hún kann að hafa á hendur notanda til innheimtu með lögtaki, þegar:

- a. Notandi, sem þrátt fyrir kröfu og skriflega aðvörðun, sem að framan greinir, hefir ekki greitt reikning fyrir notkun á raforku, sem hann ber ábyrgð á og sem fallin er í gjalddaga.

Hafi notand ábyrgð á fleiri en einni veitu, má Rafmagnsveitan beita þessu ákvæði við hverja þeirra sem er gagnvart vanskilum vegna einnar þeirra.

- b. Ábyrgðarmaður notanda stendur ekki við ábyrgðina.
- c. Notandi hefur gerst brotlegur við reglugerð þessa eða reglur um tæknilegan frágang raforkuvirkja og lagna.

Lokun fyrir rafstraum leysir notandann ekki undan greiðsluskyldu á lokunar-tímabilinu.

Sé lokað fyrir veitu vegna skulda, má að jafnaði ekki opna aftur nema:

1. Skuldin sé greidd að fullu eða fullnægjandi trygging sett fyrir því að skuldin verði greidd og
2. Greitt sé aukagjald fyrir enduropnun veitunnar skv. gjaldskrá og
3. Trygging sé sett fyrir skilvísri greiðslu framvegis, ef sérstakar ástæður eru til að krefjast slíkrar tryggingar.

Ef notandi veitu óskar eftir að veita hans sé tekin úr sambandi um tíma, er heimilt að taka aukagjald skv. gjaldskrá fyrir enduropnun veitunnar svo og að taka fulla leigu fyrir mælitæki veitunnar þann tíma, sem veitan er ekki í notkun.

Enginn má framkvæma endurtengingu veitu nema þeir, sem Rafmagnsveitan hefur veitt umboð til þess hverju sinni. Sé brotið gegn þessu, skal farið með það sem óleyfilega straumnotkun.

**18. gr.****Rekstrartruflanir.**

Stöðvun á rekstri eða truflanir vegna bilana eða takmarkana á raforkuvinnslunni hefir ekki í för með sér neina skaðabótaskyldu á hendur Rafmagnsveitunni, en koma skal á reglulegum rekstri aftur eins fljótt og auðið er. Notendur eiga ekki rétt til endurgreiðslu, þótt stöðvun verði vegna bilana eða annarra óviðráðanlegra atvika um langan eða skamman tíma.

Rafmagnsveitan ber ekki ábyrgð á spennubreytingum undir slíkum kringumstæðum eða afleiðingum af þeim og eigi heldur af bruna eða slysum, sem verða kunna af völdum rafmagns frá húsveitum rafmagnsnotanda.

Rafmagnsveitan áskilur sér rétt til þess að loka fyrir straum til viðgerða og viðhalds eða eftirlits þegar þörf gerist.

Meðan verið er að leggja heimtaugar, er Rafmagnsveitunni heimilt að taka straum af því svæði, sem nauðsynlegt er til þess að framkvæma tengingar.

Komi það fyrir, að takmarka þurfi notkun á rafmagni um langan eða skamman tíma, ákveður borgarstjórn, að tillögum borgarráðs, hvar notkun skuli takmörkuð fyrst.

Stöðvun á rekstri skal tilkynna fyrirfram, ef unnt er, en þó eiga notendur enga skaðabótakröfu á hendur Rafmagnsveitunni, þótt straumur hafi rofnað fyrirvara-laust.

**19. gr.****Uppsögn á rafmagnsnotkun og tilkynning um flutninga eða breytingu í notkun.**

Sérhver rafmagnsnotkun, er notandi byrjar á skv. tilteknum lið gjaldskrár Rafmagnsveitunnar, er bindandi fyrir hann að minnsta kosti í 1 ár. Þó getur rafmagnsstjóri leyst notanda undan þessari skuldbindingu, þegar sérstaklega stendur á.

Um gjaldtöku fyrir rafmagnsnotkun skal farið eftir gjaldskrá Rafmagnsveitunnar á hverjum tíma. Tilkynning um breytingu á notkun, þannig að hún geti fallið undir annan gjaldskrárlið skal send Rafmagnsveitunni með mánaðar fyrirvara.

Tilkynning um flutning notanda frá einum notkunarstað til annars skal berast skrifstofu Rafmagnsveitunnar með hálf mánaðar fyrirvara. Skal þá, ef unnt er, gefa upp nafn og nafnúmer þess notanda, sem hættir notkun, og þess sem tekur við notkun viðkomandi húsveitu.

Notandi ber ábyrgð á raforkunotkun þeirrar veitu, sem hann er skráður fyrir, þar til hann hættir notkuninni og hefur sagt henni upp með réttum fyrirvara.

Ef húseigandi eða trúnaðarmaður hans verður þess var, að notendaskipti hafa orðið, án þess að þau hafi verið tilkynnt til Rafmagnsveitunnar, ber honum að gera Rafmagnsveitunni aðvart um það án tafar. Vanræki húseigandi þessa tilkynningar-skyldu sína, getur Rafmagnsveitan beint að honum kröfum vegna ógreiddrar orku-notkunar þess aðila, er áður var notandi viðkomandi veitu.

**20. gr.****Breytingar á gjaldskrá.**

Notanda skal skylt að hlíta ákvæðum gildandi gjaldskrár Rafmagnsveitunnar og breytingum þeim, sem borgarstjórn samþykkir og ráðherra staðfestir.

Verði ágreiningur milli rafmagnsstjóra og notanda um skilning á ákvæðum gjaldskrár eða settum skilyrðum fyrir raforkunotkun, getur notandi krafist þess að ágreiningurinn verði lagður undir úrskurð borgarráðs.

**21. gr.****Brot á reglugerð.**

Brot gegn reglugerð þessari eða gegn reglum, sem settar verða skv. henni varða sektum, nema þyngri refsing liggja við að lögum. Ef brot veldur skemmdum á eignum Rafmagnsveitunnar eða veldur henni tjóni á annan hátt skal hinn brotlegi auk þess bæta skaðann.

Sektir renna í ríkissjóð.

**22. gr.****Málsókn.**

Með mál út af brotum á reglugerð þessari eða á reglum, sem settar eru skv. henni skal farið sem opinber mál. Rafmagnsveitan getur auk þess höfðað skaðabóta- og innheimtumál skv. almennum reglum um meðferð einkamála.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af borgarstjórn Reykjavíkur er hér með staðfest samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 5 10. janúar 1939.

*Iðnaðarráðuneytið, 20. desember 1977.*

F. h. r.

Páll Flygenring.

*Kristmundur Halldórsson.*

**G J A L D S K R Á**

**fyrir Rafveitu Snæfjalla- og Nauteyrarhrepps og Rafveitu Reykjavíkjardar- og Ögurhrepps.**

**I. RAFORKA**

Rafveiturnar selja raforku á þann hátt og við því verði sem hér segir:

**A. Notkun til búeksturs, heimilisþarfa o. fl.**

Um orkumæli (aflmarksmæli), sem stilltur er á tiltekið afl og sýnir annars vegar heildarnotkun og hins vegar orkunotkun yfir aflstillingu.

Notandi greiðir sem hér segir fyrir aflstillingu og orkunotkun:

1. Aflgjald, lágmarksstilling 4 kW .....	kr. 67 000.00 á ári
Aflgjald umfram 4 kW .....	— 10 000.00 á kW á ári
Orkugjald af allri notkun .....	— 2.15 á kWst.
Orkugjald af notkun yfir aflstillingu .....	— 13.00 á kWst.

**B. Vélanotkun, til skóla, radiostöðva, samkomuhúsa o. fl.**

Notandi greiðir sem hér segir fyrir aflstillingu og orkunotkun:

1. Aflgjald .....	kr. 27 000.00 á kW á ári
Orkugjald af allri notkun .....	— 7.53 á kWst.
Orkugjald af notkun yfir aflstillingu .....	— 16.00 á kWst.